

Samkomulag um samskipti

Ein leið til að auðvelda samskipti leikskóla við foreldra sem ekki tala eða lesa íslensku er að gera **samkomulag um samskipti**. Slíkt samkomulag felur í sér gagnvirkan samning sem getur verið í formi gátlista þar sem foreldrar og leikskólinn setja niður áætlun um leiðir til að nota í upplýsingamiðlun og samskiptum. Samningur af þessu tagi leggur líka ákveðna ábyrgð á báða aðila gagnvart því að sinna þeim mikilvæga þætti sem samvinna foreldra og leikskóla er. Um leið fá foreldrar þau skilaboð að í leikskólanum ríki jákvætt viðhorf til þess að byggja upp árangursrík samskipti þrátt fyrir að foreldrar og starfsfólk deili ekki sama tungumáli. Mikilvægt er að gera slíkt samkomulag í upphafi leikskólagöngunnar t.d. í fyrsta samtali með túlki.

Dæmi um atriði sem gætu verið í slíku samkomulagi:

- Vilja foreldrar túlk og er það einhver ákveðinn túlkur sem þeir vilja?
- Lesa foreldrar íslensku? Ensku?
- Nota foreldrar tölvupóst og er hægt að senda skilaboð á milli í tölvupósti og nota google translate eða annað til að aðstoða við að þýða?
- Eru einhverjir á heimilinu, í fjölskyldunni sem geta lesið íslensku og hjálpað til við að túlka?
- Eru aðrir foreldrar/starfsmenn í leikskólanum sem geta aðstoðað við samskipti?
- Geta foreldrar notað heimasíðu leikskólans til að fá upplýsingar um starfið eða myndir af börnunum?
- Vilja foreldrar fá miða með skilaboðum heim með barninu?
- Eru foreldrar látnir vita af þeim upplýsingum sem til eru á fjölbreyttum tungumálum?
- Eru foreldrar látnir vita af þeim upplýsingum sem ekki er mögulegt að þýða en er mikilvægt að þeir kynni sér með aðstoð einhverra sem lesa íslensku.
- Eru foreldrar tilbúnir til að aðstoða leikskólann við að útbúa myndræna samskipta og tvítyngisorðabók?

